

SAMTÖK UM KVENNAATHVARF - Markmið og skipulag

SKÝRSLA STJÓRNAR	3
MARKMIÐ OG SKIPULAG	5
UM OFBELDI	7
Beitir þú konu/kærustu þína ofbeldi?	7
Á eitthvað af neðantöldu við um maka þinn?	9
Ýmsar birtingarmyndir ofbeldis	10
ÚR ATHVARFINU	12
Komutölur	13
Börn í Kvennaathvarfinu	25
ÚR BARÁTTUNNI	29
REKSTUR SAMTAKA UM KVENNAATHVARF	31

STJÓRNARSKIPTI

Samtök um kvennaathvarf héldu aðalfund ársins 2008 þann 10. apríl á Litlubrekku á Lækjarbrekku. Aðalstjórn hélst óbreytt frá fyrra ári, en Elísabet Hjaltadóttir hætti í varastjórn. Uppstillinganefnd lagði til að þær Guðrún Herborg Hergeirsdóttir og Urður Gunnarsdóttir yrðu kosnar í varastjórn og var það samþykkt.

Á fyrsta fundi stjórnar skiptu konur með sér verkum: Formaður Þórdís Guðmundsdóttir, varaformaður Steinunn Stefánsdóttir, gjaldkeri Tatjana Latinovic, ritari Hanna Rún Sverrisdóttir og meðstjórnandi Þórdís Erla Sigurðardóttir. Í varastjórn þær Guðrún Herborg Hergeirsdóttir og Urður Gunnarsdóttir.

STÖRF STJÓRNAR

Samtök um kvennaathvarf (SUK) eru samtök sem hafa þann megintilgang að veita konum sem beittar hafa verið ofbeldi öruggt skjól, fræðslu og stuðning til sjálfshjálpar. Þetta á einnig við um börn þeirra kvenna sem koma til dvalar í Kvennaathvarfinu.

Stjórnin hefur, eins og áður, unnið að stefnumörkun fyrir athvarfið, þátttöku samtakanna í almennri þjóðfélagsmæðu og stuðningi við þverpólitískt kvennasamstarf um kynbundið ofbeldi á Íslandi, auk þess að vera framkvæmdateymi til halds og trausts. Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði þriðju hverja viku og tölvupóstur nýttur þess á milli, þegar þörf var á.

ERLENDAR KONUR

Á síðastliðnum árum höfum við beint augum sérstaklega að erlendum konum sem dvelja í athvarfinu. Þær þurfa sumpart annan stuðning en íslenskar konur, s.s. almennar upplýsingar um íslenskt samfélag, menningu og siði, auk tálkaþjónustu sem aukist hefur umtalsvert. Tengsl athvarfsins við samtök kvenna af erlendum uppruna og starfsfólk Alþjóðahúss eru mikilvæg til

þess að skilja betur þarfir kvenna frá ólíkum menningarheimum og veita þeim sem besta aðstoð.

BÖRN

Börnin í athvarfinu hafa einnig verið í umræðunni og hvernig styðja megi betur við þau. Starfskonur og sjálfboðar hafa unnið gott starf með börnunum.

FRÆÐSLA

Fræðsla en brýnt eilífðarverkefni. Unglingarnir okkar fá misvísandi skilaboð um samskipti kynjanna sem ruglað getur skýrasta fólk í ríminu. Fræðsla um jafnrétti og virðingu fellur seint úr gildi. Bæklingar samtakanna þurfa að vera til á sem flestum tungumálum og aðgengilegir bæði almenningi og fagfólki. Samtökin þurfa að vera sýnileg í allri umræðu um ofbeldi og koma á framfæri þekkingu á þessu sviði. Þá er einnig nauðsynlegt að samtökin taki þátt í umræðu um málefni er varða ofbeldi gegn konum s.s. ráðstefnum, námskeiðum, kynningum, fræðslu og forvörnum.

FRAMKVÆMDIR

Eins og fram kom á aðalfundi 2008, höfðu starfskonur og stjórn unnið þarfagreiningu með það fyrir augum að finna athvarfinu betri bústað. Hentugt húsnæði fannst ekki og ákvað stjórnin árið 2007 að ekki væri ásættanlegt að bíða lengur eftir húsnæði. Var ákveðið að ganga í endurbætur á núverandi húsnæði með það fyrir augum að bæta aðbúnað dvalarkvenna. Þær framkvæmdir hafa staðið yfir allt síðastliðið ár og eru langt komnar nú í maí 2009. Með þessum breytingum er aðstaða dvalarkvenna bætt til muna. Húsið nýtist betur, hljóðeinangrun er meiri með nýjum gluggum, aðstaða til þvotta og baða er betri en áður og eldhúsið er orðið hjarta hússins eins og vera ber á góðu heimili. Þessar framkvæmdir eru kostaðar af einstaklingum sem hafa sýnt athvarfinu

einstakan velvilja í formi peningagjafa og því hefur rekstrarfé ekki verið notað í framkvæmdirnar.

Í umræðum stjórnar um fjáröflunarleiðir, var rætt um hvort fara ætti út í að afla fjár hjá útrásarvíkingum. Stjórnin kaus að fara ekki þá leið, m.a. vegna þess að við teljum það skyldu samfélagsins að vernda konur og börn gegn ofbeldi og því eigi tilvist kvennaathvarfs ekki að vera háð duttlungum efnamanna sem hreykja sér í fjölmiðlum þegar þeir opna pyngju sína til hjálpar öðrum. Ef til vill vorum við gamaldags og íhaldssamar að nýta ekki þau tækifæri, en í dag getum við allar glaðst yfir því að hafa ekki treyst á fjármagn sýndarveruleikans. Þá var það trúlega lán í óláni að ekki fannst hentugt húsnæði fyrir athvarfið rétt fyrir hrun fjármálakerfisins.

OFBELDI OG EFNAHAGSPRENGINGAR

Fyrir nokkrum vikum voru birtar fyrstu niðurstöður könnunar á heimilisofbeldi á Íslandi sem sýnir að mikið ofbeldi viðgengst hér á landi á börnum og konum. Samkvæmt þessari könnun má álykta að um 2.400 konur hafi orðið fyrir ofbeldi á síðustu 12 mánuðum. Framundan eru erfiðir tímar og erlendar rannsóknir hafir ítrekað staðfest að ofbeldi eykst þegar kreppir að þjóðum fjárhagslega. Á sama tíma er það einnig þekkt að aðsókn í kvennaathvörf minnkar og hljómar það ef til vill sem mótsögn. En þegar erfitt er að fá vinnu og selja fasteignir, sjá konur ef til vill ekki fram á að geta breytt aðstæðum sínum og stíga því síður það skref að fara í athvarf. Enn er mikil aðsókn í dvöl í Kvennaathvarfinu auk þess sem viðtalsþjónustan er mikið nýtt og má búast við aukinni þörf fyrir þá þjónustu næstu mánuð.

ÞAKKIR TIL STARFSKVENNA

Athvarfið verður aldrei betra en það lykilstarfsfólk sem tekur á móti og styður dvalarkonur. Stjórnin þakkar starfskonum vel unnin störf á síðastliðnu ári, sem var afar annasamt. Framkvæmdastýra, Sigprúður Guðmundsdóttir, starfar í ýmsum hópum kvennasamtaka, sér um fræðslumál utan athvarfsins og heldur utan um starfsemina. Hún kom margoft fram í fjölmiðlum í tengslum við umfjöllun um heimilisofbeldi og er eins og hún hafi ekki gert annað, talar skýrt og án sleggjudóma og er samtökunum til sóma. Rekstarstýran, Þórlaug Jónsdóttir, heldur fast í budduna að hætti hinnar hagsýnu húsmóður og með snarræði tókst henni að færa til fé í haust og koma þannig að stærstum hluta í veg fyrir tjón þegar bankakerfið hrundi. Kostnaðaráætlun vegna breytinga á húsnæði athvarfsins hefur staðist fyllilega og trúlega ekki margir framkvæmdaaðilar sem geta státað af slíku á þessum síðustu og verstu tímum. Stjórnin þakkar starfskonum og framkvæmdateymi gott samstarf á liðnu starfsári. Þá þakkar stjórnin öllum þeim einstaklingum, stofnunum, fyrirtækjum og félögum sem sýnt hafa athvarfinu stuðning með gjöfum. Sú velvild sem Íslendingar hafa sýnt athvarfinu frá stofnun þess, segir meira en nokkur orð um það góða starf sem í athvarfinu er unnið.

f.h. stjórnar

Þórdís Guðmundsdóttir formaður

SKILGREININGAR Á OFBELDI

Eftirfarandi er skilgreining Samtaka um kvennaathvarf á heimilisofbeldi:

„Heimilisofbeldi er þegar einn fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins og tilfinningalegrar-, félagslegrar- og fjárhagslegrar bindingar“. Í auknum mæli er hugtakið kynbundið ofbeldi notað, en það undirstrikar þá staðreynd að heimilisofbeldi er í flestum tilvikum ofbeldi karla gegn konum. Kynbundið ofbeldi er stærsta heilsufarsvandamál kvenna í heiminum og á rætur að rekja til félagslegra yfirráða karla á flestum sviðum samfélagsins og hversu samtvinnað valdinu kyngervi karla er. Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi er því hluti af jafnréttisbaráttunni þar sem ofbeldi karla gegn konum er versta birtingamynd kynjamisréttisins.

Skilgreining Sameinuðu þjóðanna á ofbeldi gegn konum er eftirfarandi:

„Hugtakið „ofbeldi karla gegn konum“ merkir hvers konar ofbeldisverknað sem á rætur í kynferði og veldur konum líkamlegum, kynferðislegum og/eða andlegum skaða eða þjáningu eða gæti gert það. Hugtakið nær einnig yfir hótanir um slíkan verknað, svo og gerræðislega þvingun eða frelsissviptingu, hvort sem er á opinberum vettvangi eða í einkalífinu“.

MARKMIÐ SAMTAKA UM KVENNAATHVARF

Að reka athvarf, annars vegar fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra og hins vegar fyrir konur sem verða fyrir nauðgun.

Að veita ráðgjöf og upplýsingar, efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi, meðal annars til að auka skilning í þjóðfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess og stuðla

að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði þau er slíkt ofbeldi þola.

UPPHAF KVENNAATHVARFS Á ÍSLANDI

Boðað var til stofnfundar Samtaka um kvennaathvarf 2. júní árið 1982. Það voru konur úr ýmsum kvennahreyfingum, auk kvenna sem höfðu kynnst áhrifum kynbundins ofbeldis af eigin raun, sem boðuðu til fundarins.

Kvennaathvarf var opnað þann 6. desember sama ár. Í upphafi var hugmyndin sú að athvarfið myndi aðeins þjóna höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorni landsins, líkt og í nágrannalöndunum þar sem athvörf voru svæðisbundin. Árið 1984 opnuðu norðlenskar konur athvarf á Akureyri sem starfaði í eitt ár en ekki þótti grundvöllur til að halda því áfram. Kvennaathvarfið í Reykjavík þjónar þannig öllu landinu og fá konur yfirleitt styrk frá sveitarfélagi sínu til að komast til Reykjavíkur ef þær þurfa á skjóli athvarfsins að halda.

STJÓRN SAMTAKA UM KVENNAATHVARF

Á aðalfundi eru kosnar fimm stjórnarkonur og tvær til vara. Þar eru grundvallarbreytingar á starfsemi Samtaka um kvennaathvarf samþykktar. Haldnir eru stjórnarfundir á þriggja vikna fresti eða oftár ef á þarf að halda. Þar hittast stjórn og framkvæmdateymi og bera saman bækur sínar, en stjórnin ber ábyrgð á starfseminni í heild, tekur allar helstu ákvarðanir og leggur drög að starfi framkvæmdateymis.


Á stjórnarfundum hittast stjórn og framkvæmdateymi og bera saman bækur sínar en stjórnin ber ábyrgð á starfseminni í heild, tekur helstu ákvarðanir og leggur drög að starfi framkvæmdateymis.

Markmið og skipulag

Í framkvæmdateymi sitja framkvæmdastýra og rekstarstýra og bera þær ábyrgð á daglegum rekstri síns starfssviðs. Auk þess er starfandi vaktstýra sem skipuleggur vaktir starfskvenna og annast daglega umsýslu í athvarfinu sjálfu. Að auki standa fimm starfskonur vaktina í Kvennaathvarfinu, sinna ráðgjöf og stuðningi við konur og börn og

halda athvarfinu opnu allan sólarhringinn, árið um kring.

Samtök um kvennaathvarf voru í upphafi grasrótarsamtök, eða allt til ársins 1995 en athvarfið er nú rekið sem sjálfeignarstofnun undir stjórn Samtaka um kvennaathvarf.



BEITIR ÞÚ KONU/KÆRUSTU ÞÍNA OFBELDI?

Eftir því sem þú svarar fleiri spurningum játandi þeim mun meiri hætta er á að þú beitir konu/kærustu þína ofbeldi. Ef þú kannast við hegðun þína í mörgum neðangreindum atriðum ættir þú að fá aðstoð fagaðila.

- Hvernig var samband ykkar í upphafi? Sveiflaðist þú milli eldheitrar ástríðu og óöryggis gagnvart henni? Þrýstir þú á hana að gera alvöru úr sambandinu?
- Mislíkar þér við fjölskyldu hennar, vini og vinnufélaga (sérstaklega karlkyns)?
- Hefur þú komist að því hvað hún er lengi í og úr vinnu/skóla? Viltu helst sækja hana beint í vinnuna/skólann?
- Finnst þér börnin ræna athygli hennar frá þér?
- Ert þú gagnrýninn á uppeldisaðferðir hennar?
- Finnst þér vinna hennar eða skóli vera lítils virði?
- Kemur fyrir að þú gagnrýnir fataval hennar og útlit?
- Viltu helst að þið séuð bara tvö ein saman? Reynir þú að aftra henni frá því að hitta annað fólk?
- Ef þú, eða þið bæði hafið fengið ykkur áfengi, endar það þá oft í rifrildi?
- Finnst þér að þegar allt kemur til alls eigi karlinn að ráða?
- Viltu vita allt um hennar „fyrirverandi“? Viltu að hún losi sig við hluti tengda fyrri ástarsamböndum?
- Kemur það fyrir að þú sért harðhentur við börn eða gæludýr?
- Ásakarðu hana oft fyrir að vera þér ótrú?
- Hefur þú yfirlit yfir fjármál ykkar og skammtar henni peninga eða leynir þú hana upplýsingum um fjármálin?
- Viltu hafa eftirlit með símtölum hennar, tölvupósti, SMS, bréfum, bankareikningum og þess háttar?
- Kemur það fyrir að þú niðurlægir hana frammi fyrir öðru fólki?

Um ofbeldi

- Eyðileggur þú persónulega muni hennar í bræði?
- Finnst þér óþarfi að hún mennti sig meira?
- Kemur fyrir að þú öskrar á hana eða uppnefnir hana?
- Reynir þú að fá hana til að taka þátt í kynferðislegum athöfnum sem hún kærir sig ekki um? Heldur þú áfram að þrýsta á hana þó þú gerir þér grein fyrir að hún vilji það ekki?

Ef þú kannast við eitthvað af eftirfarandi atriðum ert þú í verulega vondum málum og ekki síst konan sem þú býrð með - leitaðu aðstoðar strax:

- Hefur þú einhvern tímann reynt að aftra henni frá að fara til læknis án þess að þú sért með henni?
- Hefur þú einhvern tímann hóttað að beita hana ofbeldi?
- Hefur þú einhvern tímann hrint henni?
- Hefur þú einhvern tímann haldið henni fast, hrist hana eða slegið utan undir?

Hér á landi eru sálfræðingar sem sérhæfa sig í aðstoð við ofbeldismenn. Hægt er að fá nánari upplýsingar í síma Kvennaathvarfsins 561 1205. Þangað geta konur líka hringt til að fá stuðning.

Listinn er tekinn saman af sænskum fagaðilum og áhugafólki gegn kynbundnu ofbeldi og þýddur af Samtökum um kvennaathvarf.

Á EITTHVAÐ AF NEÐANTÖLDU VIÐ UM MAKA ÞINN?

- Óttastu hann undir einhverjum kringumstæðum?
- Er hann uppstökkur, skapbráður og/eða fær bræðisköst?
- Verður auðveldlega reiður undir áhrifum áfengis?
- Reynir að koma í veg fyrir að þú farir þangað sem þú vilt fara, eða að þú stundir vinnu, skóla eða áhugamál?
- Fylgist með þér hvar og hvenær sem er?
- Ásakar þig sífellt um að vera sér ótrú?
- Gagnrýnir þig, vini þína og/eða fjölskyldu?
- Ásakar þig stöðugt - ekkert sem þú gerir er rétt eða nógu vel gert?
- Segir að „eitthvað sé að þér“ þú sért jafnvel „geðveik“?
- Gerir lítið úr þér fyrir framan aðra?
- Hefur yfirráð yfir fjármálum ykkar og krefst skýringa á hverri krónu?
- Eyðileggur persónulegar eigur þínar af ásettu ráði?
- Hrópar/öskrar á þig eða börnin?
- Ógnar þér með svipbrigðum, hreyfingum eða bendingum?
- Hótar að skaða þig, börnin eða aðra þér nákomna?
- Þvingar þig til kynlífs?
- Hefur hann ýtt við þér, hrint þér, slegið til þín, eða slegið/barið þig eða börnin?

(Assessing Woman Battering in Mental Health Services, 1998.

Edward W. Gondolf, ISBN 0-77777619-1107-3)

Vilborg G. Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur tók saman og þýddi 1998.

ÝMSAR BIRTINGARMYNDIR OFBELDIS

EINANGRUN

- Kemur í veg fyrir að hún geti sótt vinnu, skóla, félagsstarf eða tómstundastarf.
- Kemur í veg fyrir að hún hitti/eigi samskipti við fjölskyldu og/eða vini.
- Tekur af henni persónuskilríki, greiðslukort, ávísanahefti, ökuskipteini og fleira þess háttar.
- Eltir hana, fylgist með henni.
- Opnar póstinn hennar.
- Notar símanúmerabirti til að fylgjast með hverjir hringja til hennar.
- Hringir stöðugt heim til að vita hvort hún sé heima.
- Fjarlægir símann.
- Spyr í þaula hvar hún hafi verið, hvað hún hafi verið að gera og hverja hún hafi hitt. Tortryggir gjarnan svörin.

EFNAHAGSLEG STJÓRNUN

- Takmarkar aðgang hennar að peningum.
- Skammtar peninga, sem varla (eða ekki) duga fyrir nauðsynlegustu útgjöldum.
- Þvingar hana til að biðja um hverja krónu og/eða gera grein fyrir hverri krónu.
- Segir ósatt um stöðu fjármálanna, eða heldur stöðu fjármála leyndri.
- Kemur í veg fyrir að hún starfi utan heimilis, eða ráðstafar launum hennar.
- Tekur af henni peninga s.s. inneign í bankabók, arf o.fl.
- Kemur í veg fyrir að hún hafi greiðslukort, banka-eða ávísanareikning.
- Ráðstafar einn, og oft án hennar vitundar, sameiginlegum peningum þeirra.

HÓTANIR

- Ógnar/hótar henni án orða s.s. með bendingum, hreyfingum eða svipbrigðum.
- Kastar/eyðileggur hluti.
- Eyðileggur persónulegar eigur hennar - og/eða annað sem henni er kært.
- Meiðir eða fargar gæludýrum á heimilinu.
- Meðhöndlar hnífa, vopn eða aðra hluti til að ógna henni.
- Hótar að drepa hana eða börnin.
- Hótar að fyrirfara sér.
- Hótar að láta reka hana úr landi, ef hún er af erlendum uppruna.
- Hótar að láta leggja hana inn á geðdeild.
- Hótar að segja „öllum“ hvað hún sé „geðveik“.

TILFINNINGALEG KÚGUN

- Brýtur hana niður.
- Hrópar/öskrar á hana.
- Uppnefnir hana, gerir lítið úr því sem hún gerir, hæðist að henni.
- Gagnrýnir hana, setur stöðugt út á hana og verk hennar.
- Niðurlægir hana fyrir framan aðra.
- Lætur hana finna fyrir vanmetakennd og að hún sé heimsk eða barnaleg.
- Telur henni trú um að eitthvað sé að henni t.d. geðveiki.
- Stöðugar ásakanir, m.a. ásakar hann hana fyrir mistök sem hann sjálfur gerir.
- Ruglar raunveruleikanum, m.a. með því að segja að hennar upplifanir, útskýringar og túlkanir séu rangar.

KYNFERÐISLEG MISNOTKUN

- Spottar/niðurlægir hana kynferðislega.
- Þvingar hana til kynlífsathafna, sem hún er mótfallin.
- Hótar að misbjóða börnunum kynferðislega.
- Þvingar hana til að horfa á klámmyndir og/eða skoða klámblöð.
- Nauðgar henni, eða hótar nauðgun.

LÍKAMLEGT OFBELDI

- Ýtir, hrindir eða slær til hennar.
- Snýr upp á útlími.
- Heldur henni fastri, varnar henni útgöngu.
- Lemur hana, brennir hana.
- Skaðar hana t.d. með hnífi, barefli, belti, ól eða öðru þess háttar.

(Accessing Woman Battering in Mental Health Services, 1998. Edward W. Gondolf. ISBN 0-77619-1107-3). Vilborg G. Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur tók saman og þýddi 1998.

Kvennaathvarfið býður ferns konar þjónustu:

- Dvöl fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis og dvöl fyrir konur sem hefur verið nauðgað.
- Stuðningsviðtöl, þar sem konur, sem búa við eða hafa búið við heimilisofbeldi, geta komið og fengið stuðning og upplýsingar án þess að til dvalar komi. Æskilegt er að hringja áður í síma 561 1205 og panta tíma.
- Símaráðgjöf allan sólarhringinn. Konur geta hringt til að fá stuðning og upplýsingar. Einnig aðstandendur, fagaðilar og aðrir sem þurfa á upplýsingum að halda varðandi kynbundið ofbeldi.
- Sjálfshjálparhópa fyrir konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi, til að styrkja sig í félagi við aðrar konur. Nauðsynlegt er að koma í stuðningsviðtal áður.

Oftast er einhver fyrirvari á komu kvenna og barna í athvarfið og gefst tómi til undirbúnings. Lagður er metnaður í að taka vel á móti þeim og gefa góðan tíma til að stuðningur starfskvenna athvarfsins nýtist sem skyldi. Í einstaka tilvikum er ekki hægt að taka á móti konum til dvalar ef um áfengis- eða vímuefnaneyslu er að ræða eða andlegt og/eða líkamlegt ástand þeirra er þannig að stuðningur sem boðið er upp á í athvarfinu er ekki nægjanlegur eða viðeigandi miðað við þarfir þeirra. Reynt er þó eftir fremsta megni að koma til móts við allar konur og bent er á önnur úrræði ef þau eru talin henta betur. Heimilisfangi Kvennaathvarfsins er haldið leyndu því þar eiga konur að finna fyrir öryggi og skjóli.

LÍFIÐ Í ATHVARFINU

Í athvarfinu ríkir alger trúnaður um það sem fer á milli starfs- og dvalarkvenna. Unnið er samkvæmt þeirri hugmyndafræði að konan er sérfræðingur í sínum málum og þurfi tímabundna aðstoð til að takast á við lífið á uppbyggilegan hátt án ofbeldis. Konum eru veitt stuðningsviðtöl á meðan á dvöl þeirra stendur og oft fá þær mikið út úr samskiptum við aðrar konur með svipaða reynslu. Konur fá fræðslu um ofbeldi og afleiðingar þess og er veitt ráðgjöf um sjálfsstyrkingu. Konurnar bera sjálfar ábyrgð á börnunum sínum en einnig eru börnin aðstoðuð við að vinna úr erfiðri reynslu með því að tala eða teikna, allt eftir aldri og þroska barnanna.

Konur skipta með sér húsverkum. Fundir eru haldnir tvisvar í viku þar sem farið er yfir samskiptin í athvarfinu og líðan kvennanna. Reglulegir háttatímar eru fyrir börn og reynt eftir fremsta megni að skapa öryggi og festu í starfinu svo að dvölin verði þægileg og sambúðin við aðrar konur og börn sömuleiðis. Kvennaathvarfið er fallegt og heimilislegt hús þar sem allir leggja sitt af mörkum til að vel gangi og reynt er að líkja eftir venjulegu heimilislífi.

Konur eru hvattar til að gefa sér tíma í athvarfinu til að ná áttum, hvílast og styrkja sjálfa sig. Þær eru aðstoðaðar við að komast í samband við rétta aðila, hvort sem er félagsráðgjafi, lögfræðingur, sálfræðingur eða aðrir fagaðilar.

Eftir að dvöl lýkur geta konur komið áfram í stuðningsviðtöl með sjálfsstyrkingu að markmiði eins og aðrar konur sem nýta sér ekki dvöl. Einnig gefst konum kostur á sjálfshjálparhópum til að styrkja sig enn frekar.

KOMUR Í KVENNAATHVARFIÐ 2001-2008

	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001
Komur samtals	549	470	712	557	531	388	435	503
Viðtöl	419	368	613	465	443	315	380	406
Dvöl	130	101	99	92	88	73	55	97
Dvalarkonur án barna	81	55	58	45	50	34	32	47
Dvalarkonur með börn	49	46	41	47	38	39	23	50
Fjöldi barna	77	68	57	76	55	59	41	74

Árið 2008 voru 549 komur skráðar í Kvennaathvarfið, 130 í dvöl og 419 í viðtöl. Margar konur koma oftár en einu sinni, einkum þær sem koma í viðtöl og í heildina leitaði 341 kona til athvarfsins á árinu.

Konum í dvöl fjölgaði úr 101 í 130 á milli ára en börnum fjölgaði úr 68 í 77. Að meðaltali dvöldu konur í athvarfinu í 17 daga eða einum degi lengur en árið á undan. Meðaldvalartími barna lengdist úr 14 dögum í 18. Að meðaltali voru 6 konur og 4 börn í athvarfinu á degi hverjum.

Viðtalsþjónusta er stór hluti í starfsemi Kvennaathvarfsins, árið 2008 voru tekin 419 viðtöl við 211 konur. Að meðaltali kom hver kona í rúmlega tvö viðtöl á árinu. Þá eru ótalin viðtöl við konur sem dvelja í Kvennaathvarfinu hverju sinni en þær fá að lágmarki vikuleg viðtöl. Margar þeirra kjósa að koma oftár í viðtöl og koma þá jafnvel daglega á meðan á dvöl stendur. Viðtalsþjónusta Kvennaathvarfsins hefur fest sig í sessi en í stuðningsviðtöl leita ýmist

konur sem búa við ofbeldi eða konur sem eru að vinna út afleiðingum ofbeldis sem þær hafa orðið fyrir á æfinni.

Fjöldi kvenna sem leitar í Kvennaathvarfið segir ekki til um umfang kynbundins ofbeldis hér á landi heldur frekar hvort konur viti af því úrræði sem athvarfið er og hvort þær eru tilbúnar til að nýta sér það. Rannsóknir benda til þess að umfang ofbeldisins sé mun meira en sem kemur fram í tölfræði Kvennaathvarfsins og því teljum við jákvætt að sem flestar konur leiti aðstoðar.

Neyðarsími Kvennaathvarfsins er opinn allan sólarhringinn allan ársins hring og þangað leita m.a. konur sem búa við ofbeldi, aðstandendur þeirra og fagfólk.

Auk þess að bjóða upp á stuðningsviðtöl, símaþjónustu og dvöl hefur Kvennaathvarfið undanfarin ár boðið upp á sjálfshjálparhópa þar sem konur sem beittar hafa verið ofbeldi vinna saman að því að takast á við afleiðingar þess.


YFIRLIT, 1983 - 2007

Taflan sýnir yfirlit yfir starfsemi Kvennaathvarfsins frá 1. janúar 1983 til 31. desember 2007. Athugið að talmunurinn frá og með 1988 á milli fjölda koma og fjölda dvalarkvenna stafar af fjölda viðtala.

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994
Komur	151	178	147	135	114	154	152	179	217	372	375	395
1. sinn %	78%		55%	58%	59%	49%	60%	55%	62%	34%	47%	50%
Áverkar %	39%		42%	27%	17%	23%	26%	26%	26%	22%	22%	21%
Íbúar												
Konur	151	178	147	135	114	111	90	92	92	148	152	168
Börn	108	137	106	143	107	106	90	90	116	150	181	184
Samtals	259	315	253	278	221	217	180	182	208	298	333	352
Dvalardagar												
Konur	1222	2048	1580	1865	1037	1240	968	983	1631	2334	2726	3043
Börn	1335	2272	1495	2851	1735	1136	920	1234	3251	3277	2726	4370
Samtals	2557	4320	3075	4716	2772	2376	1888	2217	4882	5611	6387	7413
Meðaldvöl/ dagar												
Konur	8	11	11	14	9	11	11	11	18	16	18	18
Börn	12	17	14	20	16	11	10	14	28	22	20	24
Konur á dag	3	6	4	5	3	3	3	3	5	6	8	8
Börn á dag	4	6	4	8	5	3	3	3	9	9	10	12
Íbúar á dag	7	12	8	13	8	6	6	6	14	15	18	20


Úr athvarfinu

1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
283	368	395	400	298	347	503	435	388	531	557	618	470	549
39%	28%	33%	28%	45%	42%	33%	44%	42%	33%	34%	45%	48%	61%
18%	13%	15%	16%	14%	18%	12%	13%	16%	34%	20%	23%	27%	24%
136	111	118	114	117	95	97	55	73	88	92	99	101	130
131	115	113	98	80	61	74	41	59	55	76	58	66	77
264	226	231	212	197	156	171	96	132	143	166	157	176	207
1771	2219	1764	1932	1265	950	848	435	819	1040	1313	1345	1563	2190
2455	2219	1907	2254	1314	946	613	306	682	528	1227	1118	918	1334
4226	5402	3671	4186	2579	1896	1461	741	1501	1568	2540	2463	2481	3524
13	20	15	17	11	10	9	8	11	12	14	14	16	17
19	28	17	23	8	16	8	7	12	10	16	20	14	18
5	6	5	5	4	3	2	1	2	3	4	4	4	6
6	9	5	6	4	3	2	1	2	1	3	3	3	4
11	15	10	11	8	6	4	2	4	4	7	7	7	10



Pegar konur koma í Kvænnaathvarfið, ýmist í dvöl eða viðtöl eru þær spurðar um ástæðu þess að þær koma. Langflestar nefna fleiri en eina ástæðu, þær sem nefna líkamlegt ofbeldi nefna til dæmis nánast alltaf andlegt ofbeldi líka enda er andlegt ofbeldi óhjákvæmilegur fylgifiskur líkamlegs ofbeldis. Andlegt ofbeldi birtist til dæmis í ógnandi framkomu, einangrun, niðurlægingu


og hótunum. Fleiri konur en áður nefna líkamlegt ofbeldi sem ástæðu komu og vekur það nokkrar áhyggjur af því að ofbeldi sé hugsanlega að harðna. Lítið hefur verið rætt um kynferðislegt ofbeldi í samböndum og í ljósi þess að kynferðislegt ofbeldi er mjög oft fylgifiskur annars ofbeldis má reikna með að þessi tegund ofbeldis sé algengari en tölurnar að ofan gefa til kynna.



Reynt er að taka saman upplýsingar um það hvert för kvenna er heitið eftir dvöl í Kvennaathvarfinu. Starfskonur hafa þó aldrei sambandi við konur eftir dvöl eða viðtöl heldur eru þær hvattar til að hafa samband sjálfar ef þörf er á frekari stuðningi. Af þessum sökum er svolítið tilviljanakennt hvort vitað er um stöðu kenna sem hafa lokið dvöl í Kvennaathvarfinu. Árið 2008 fóru 34% dvalarkvenna aftur heim án þess að aðstæður hefðu breyst að ráði en það er talsvert hærra hlutfall en áður. Þess ber þó að gæta að konur eru yfirleitt betur í stakk búnar til að takast á við aðstæður heima fyrir eftir dvöl í Kvennaathvarfinu sem getur verið upphafið að betra lífi þegar fram í sækir. Engu að síður er áhyggjuefni að sjá hlutfall kvenna sem

fer heim í óbreyttar aðstæður hækka. Það er að sjálfsgöðu ákvörðun hvernar konu fyrir sig hvert hún fer úr Kvennaathvarfinu en konur eru alltaf hvattar til að hafa samband aftur ef eitthvað kemur upp á. Það er engin skömm að því að leita til Kvennaathvarfsins oftast en einu sinni enda getur það verið langt ferli að hefja nýtt líf. 12% dvalarkvenna fóru heim í breyttar aðstæður og er þá átt við að ofbeldismaðurinn sé fluttur að heiman, farinn í áfengismeðferð eða að öðru leyti byrjaður að vinna í sínum málum. 13% kvenna fóru í nýtt húsnæði sem er talsvert lægra hlutfall en árið á undan. Hugsanlega má skýra það með því að leigumarkaður var mjög erfiður á árinu.


ERU KONUR MEÐ ÁVERKA?



Við komu í Kvennaathvarfið eru konur spurðar að því hvort þær séu með líkamlega áverka. Árið 2008 voru 24% kvennanna með líkamlega áverka við komu en mun fleiri konur höfðu hlotið líkamlega áverka


einhvern tíma í sambandinu. Í flestum tilfellum er um að ræða mar og bólgu en allar eiga konurnar það sameiginlegt að vera með andlega áverka.

KÆRÐU KONUR?




Við komu í athvarfið er skráð niður hvort konur hafi kært ofbeldismanninn og árið 2008 svöruðu 20% kvennanna því játandi en það er hærra hlutfall en árin á undan. Starfskonur Kvennaathvarfsins þrýsta ekki á konur að kæra en veita ráðgjöf varðandi kærufarlið og upplýsingar um það hvernig best er að haga málum ef kona tekur ákvörðun um að leggja fram kæru. Einnig fá konur aðstoð við að komast í samband við lögregluna og margar fá viðtal við lögreglukonu sem er tengiliður Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við Kvennaathvarfið. Það getur verið mjög erfið

ákvörðun fyrir konu að kæra mann sem er henni nákominn og jafnvel faðir barnanna hennar. Eðli kynbundins ofbeldis er langvarandi kúgun og valdniðsla og oft er erfitt að benda á einstaka tilvik í kærum auk þess sem konurnar eru oft dauðhræddar við ofbeldismennina og óttast að ofbeldið muni aukast leggi þær fram kæru. Fjöldi dóma yfir ofbeldismönnum hvetja konur heldur ekki til að sækja rétt sinn. Fjölgun kæra á undanförunum árum er þó vonandi vísbending um að konur þekki betur rétt sinn og líti í auknum mæli á ofbeldi gegn sér sem glæp.



Það er mjög einstaklingsbundið hversu lengi konur dvelja í Kvennaathvarfinu. Á árinu 2008 dvöldu konur allt frá einum degi upp í 133 daga. Að meðaltali dvöldi konur í 17 daga en meðaldvalartími hefur

verið að lengjast undanfarin ár. Konur með börn dvöldu að jafnaði einn dag umfram meðaldvöl. Tæplega helmingur kvennanna dvaldi í athvarfinu í eina viku eða skemur.




Árið 2008 leitaði í Kvennaathvarfið 341 kona á aldrinum 16-73 ára. Konur sem komu í viðtal voru að meðaltali einu ári eldri en þær sem komu í dvöl. 46% kvennanna eru á aldrinum 26-40 ára, 20% eru 25 ára eða yngri

og 34% eru eldri en 40 ára. Stúlkur undir 18 ára koma endrum og eins í viðtöl vegna ofbeldis í parsambandi en þær koma ekki til dvalar nema með mæðrum sínum og eru þá skráðar inn sem börn.

LÍÐAN KONU VIÐ KOMU Í
KVENNAATHVARFIÐ


2008 2007



Þegar spurt er um líðan kvenna við komu í Kvennaathvarfið kemur í ljós að stærstur hluti upplifir kvíða, ótta, þreytu og þunglyndiseinkenni og einnig þjáist rúmlega helmingur af vöðvabólgu og tíðum höfuðverkjum. 36% sögðu frá sjálfsvígshugsunum um það leyti sem þær komu í athvarfið og tæplega 30% frá einkennum frá hjarta s.s. óreglulegum hjartslætti og átröskun í einhverri mynd.


Einnig kom í ljós að rúmlega helmingur kvennanna hafði átt erfitt með svefn og um 40% þjáðust af lysterleysi.

Að lokum kom í ljós að 40% kvennanna þjáist af sjúkdómi sem greinst hefur eftir að ofbeldið hófst. Flestar þjáist af þunglyndi eða gigt af einhverju tagi.



Aðsókn í Kvennaathvafið er mjög sveiflukennnd á milli mánaða eins og sést á meðfylgjandi súluriti. Sveiflur í aðsókn er erfitt að skýra en hún getur þó að einhverju leyti farið eftir umræðu um Kvennaathvarfið, þar sem að konur vita frekar af úrræðinu ef það ratar í fjölmiðla. Við komu í Kvennaathvarfið eru konur spurðar að því af hverju þær komi einmitt núna en hvorki fyrr né seinna og er erfitt að ráða af svörunum hvað það er nákvæmlega sem ýtir þeim af

stað. Flestar segja einfaldlega að mælirinn hafi verið fullur. Aðrar koma eftir að ofbeldið hefur tekið á sig grófari mynd en áður, koma til dæmis fyrst eftir að hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi eða nauðgað. Aðrar draga mörkin við ofbeldi gegn börnunum eða hótun um það. Enn aðrar hafa gripið fyrsta tækifæri sem gafst til að komast í burtu. Hæpið er að draga miklar ályktanir af aðsókn í Kvennaathvarfið því það segir ekki endilega til um tíðni ofbeldis gegn konum.




Þegar greint er milli hlutfalls kvenna af erlendum uppruna í dvöl annars vegar og viðtölum hins vegar kemur í ljós að erlendar konur koma frekar í dvöl en í viðtöl en þó hefur hlutfall erlendra kvenna hækkað bæði í viðtölum og dvöl undanfarin ár. Hátt hlutfall erlendra kvenna í dvöl má að öllum líkindum rekja til þess að þær eiga síður það tengslanet sem íslenskar konur hafa gjarnan og samanstendur af fjölskyldu og nánum vinum. Hátt hlutfall erlendra kvenna gefur því ekki endilega vísbendingu um það að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi en íslenskar kinsystur þeirra. Fjölgun erlendra kvenna í viðtöl má að hluta til rekja til þeirrar ákvarðanar starfskvenna að leggja aukna áherslu á viðtalsþjónustu við erlendar konur og meiri kaup á túlkaþjónustu.

Erlendar konur í dvöl þarfnast oft meiri stuðnings og leiðbeininga vegna tungumálaörðugleika og takmarkaðrar þekkingar á réttarstöðu sinni og íslenska kerfinu. Samtök um kvennaathvarf hafa reynt að bregðast við þessu með þýðingu og dreifingu á bæklingum, bættri túlkaþjónustu við dvalarkonur, samstarfi við önnur félagasamtök og stofnanir sem sinna erlendum konum auk þess sem innra starf athvarfsins hefur verið aðlagað þörfum þessa hops.

Þess má geta að eftir bankahrunið hækkaði hlutfall íslenskra kvenna aftur en á síðustu þremur mánuðum ársins voru íslenskar konur 70% dvalarkvenna.


ÞJÓÐERNI KVENNA 1999 - 2006

	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002	2001
Ísland	71%	75%	78%	86%	87%	89%	93%	87%
Evrópa	15%	14%	10%	5%	4%	5%	3%	6%
Afríka	6%	4%	2%	3%	2%	2%	1%	4%
Ameríka	3%	1%	3%	1%	2%	1%	1%	1%
Asía	5%	6%	7%	3%	5%	3%	2%	2%



Árið 2008 voru eiginmenn eða sambýlismenn meira en helmingur ofbeldismannanna en tæplega 30% voru fyrirverandi eigin- eða sambýlismenn. Því miður er það svo að margar konur lifa við ofbeldi, ótta og öryggisleysi þrátt fyrir að hafa slitið sambandi við ofbeldismanninn og með þá staðreynd í huga þarf að styrkja nálgunarbann og gera

það að raunverulegri vörn fyrir konur sem eru að flýja ofbeldi. Aðstæður kvenna eru mjög mismunandi og konurnar eru ekki allar að flýja maka eða fyrrum maka í 9% tilfella var um að ræða ættingja og önnur 9% voru vinir, kunningjar eða kærastar. 9% ofbeldismanna voru óskráðir eða einhverjir sem ekki falla undir ofangreindar skilgreiningar.



Rúmlega 80% ofbeldismannanna sem konur koma vegna eru á aldrinum 26-55 ára. 8% ofbeldismannanna eru yngri en 25 ára og 11% eldri en 55 ára.

Ofbeldismennirnir sem konur komu vegna árið 2008 voru á aldrinum 19-80 ára. Meðalaldurinn var 41 ár eða fjórum árum hærri en meðalaldur kvennanna sem komu í athvarfið og einu ári hærri en meðalaldur ofbeldismannanna árið á undan.

Ofbeldismennirnir sem konur komu í viðtöl vegna voru að meðaltali ári yngri en þeir sem höfðu beitt dvalarkonur ofbeldi.

Í allt eru 75% ofbeldismannanna Íslendingar. Rúmlega helmingur þeirra sem höfðu beitt erlendar konur ofbeldi voru Íslendingar. Annars var í flestum tilfellum um samlanda kvennanna að ræða.

ÞJÓÐERNI OFBELDISMANNA 2005 - 2008

	2008	2007	2006	2005
Ísland	75%	79%	89%	81%
Evrópa	17%	16%	4%	10%
Afríka	4%	2%	4%	3%
Ameríka	2%	1%	2%	3%
Asía	2%	2%	0%	3%

BÖRN Í KVENNAATHVARFINU

Reynt er að auðvelda börnum komu og dvöl í Kvennaathvarfi því þau eru ekki síður í kreppu en móðirin. Þau upplifa tilfinningar svo sem ótta, varnarleysi, einangrun, sjálfsásökun, skömm og ótímabæra ábyrgð. Talað er um það sem gengið hefur á innan veggja heimilisins og lögð áhersla á að barnið finni að því verði ekki um kennt. Það er ekki á þess valdi né ábyrgð að breyta ástandinu.

Barn er barn og á rétt á æsku og ábyrgðin er alltaf hinna fullorðnu. Meðan á dvöl stendur er því frjálst að tjá sig að vild um sínar tilfinningar og upplifanir. Reynt er að starfa þannig að barnið hafi jafnt gagn sem gaman af veru sinni í athvarfinu og geti litið til baka og sagt að þar hafi því liðið vel. Ýmislegt er gert til að börnunum líði betur og taka allar starfskonur þátt í því en auk þess koma sjálfboðaliðar alla laugardaga og stytta börnum stundir með markvissu félagsstarfi.

Í athvarfinu er barn alltaf á ábyrgð móður sinnar og við komu er henni kynnt sú stefna Kvennaathvarfsins að kynbundið ofbeldi sé ekki leyndarmál. Hún er jafnframt hvött til þess að ræða við barnið um ástæður fyrir dvöl í athvarfinu. Þetta er mjög mikilvægt því flestar konurnar telja að þeim hafi tekist að halda börnunum fyrir utan ofbeldið. Ef möguleiki er fyrir hendi fara börnin í sitt skólaumhverfi svo sem minnst röskun verði á lífi þeirra utan heimilis þrátt fyrir dvöl í athvarfi. Jafnframt er lögð áhersla á að móðirin láti kennara og annað umsjónarfólk barnsins vita af aðstæðum þess.

MIKILVÆGT ER AÐ HAGA Í HUGA AÐ BARN SEM BÝR Á HEIMILI ÞAR SEM ER KYNBUNDIÐ OFBELDI:

- veit alltaf af ofbeldinu og er „sérfræðingur“ í foreldrum sínum, þekkir sveiflurnar og veit þegar von er á ofbeldishrinu af hendi ofbeldismanns,
- er stundum þvingað til að verða vitni að ofbeldinu,
- hlýtur stundum refsingu fyrir að segja frá eða mótmæla ofbeldinu,
- er oft notað sem blóraböggull,
- fer stundum að líta á ofbeldið sem eðlilegt þrátt fyrir vanlíðan og óhamingju,

Börnin sitja gjarnan uppi með mikla vanlíðan og beinist vanlíðan þeirra oft að móðurinni en ekki þeim sem beitti ofbeldinu. Þetta eru tilfinningar sem þau þurfa að fá tækifæri til að tjá sig um.

BARN SEM BÝR VIÐ OFBELDI Á HEIMILINU FER OFT Á MIS VIÐ MARGT FRÁ FJÖLSKYLDU SINNI:

- Líkamlega umönnun: fæði, klæði, skjól, hvíld, vernd gegn hættum;
- Tilfinningalegt atlæti: snertingu, blíðu, huggun, aðdáun, þolinmæði, virðingu, umburðarlyndi, félagslegan stuðning;
- Öryggi, leiðsögn, taumhald, reglu stöðugleika, aga, mörk.
- Hvatningu, örvun, jákvætt viðhorf, hrós, tíma.
- Ábyrgð: orð og gerðir fari saman, örsök, afleiðing.
- Sjálfstæði: fá svigrúm til þess eftir aldri.

EFTIRFARANDI ER GOTT AÐ HAFA Í HUGA EF HJÁLPA Á BARNI SEM BÝR VIÐ KYNBUNDIÐ OFBELDI Á HEIMILINU:

- Ofbeldið er að öllum líkindum vel falið leyndarmál.
- Láttu barnið finna að það sé öruggt hjá þér, það geti treyst þér og að þú trúir því.
- Sýndu rósemi og yfirvegum í orðum og tilfinningum.
- Lofaðu aðeins því sem þú getur staðið við.
- Bentu barninu á að það séu til leiðir til hjálpar og að þú munir sjá til þess að það fái áframhaldandi aðstoð.

- Leitaðu aðstoðar og samstarfs við aðra. Flýttu þér hægt þannig að stuðningurinn verði sem bestur og árangursríkastur fyrir barnið.


TILKYNNINGASKYLDA

Kvennaathvarfið sinnir tilkynningaskyldu samkvæmt barnaverndarlögum og tilkynnir til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður. Þetta er aldrei gert án vitundar móður ef nokkur möguleiki er á að láta hana vita.

SJÁLFBODIÐ BARNASTARF


Við Kvennaathvarfið starfar góður hópur sjálfboðaliða sem sinna barnastarfi í athvarfinu. Boðið er upp á barnastarf hvern laugardag og annars eftir þörfum. Starfið byggir á því að vinna með þeim börnum sem eru í athvarfinu hverju sinni. Hugmyndin er að gefa mæðrunum svigrúm til að hafa tíma fyrir sig sjálfar og einnig að börnin fái tilbreytingu og skemmtilegar upplifanir. Sjálfboðaliðarnir fara út með

börnin ef aðstæður leyfa, til dæmis á róló, í Húsdýragarðinn eða í sund. Ef aðstæður bjóða ekki upp á útveru er aðstaða í athvarfinu til þess að vera með börnin inni í ýmsum verkefnum svo sem að leika, mála eða spila. Starf sjálfboðaliðanna er mikilvægur þáttur í starfsemi Kvennaathvarfsins og til þess fallið að auka lífsgæði barnanna sem þangað leita.




Að meðaltali dvöldust fjögur börn í Kvennaathvarfinu á dag en fjöldi barna var mjög mismunandi yfir árið. Börnin dvöldu í allt frá einum degi upp í 133 daga í athvarfinu en að meðaltali í 18 daga hverju sinni.

BÖRN Í KVENNAATHVARFINU SEM Hafa verið beitt ofbeldi



Mæður sem koma í viðtal eða dvöl í Kvennaathvarfið eru spurðar að því hvort börn þeirra hafi verið beitt ofbeldi. Árið 2008 svöruðu mæður 70% barnanna því játandi en þetta hlutfall hefur farið hækkandi undanfarin ár. Reynslan sýnir að börn og unglingar sem búa á heimilum þar sem ofbeldi er beitt fara aldrei varhluta af ofbeldinu þó það beinist ekki að þeim


persónulega og jafnvel þó foreldrarnir séu þess fullvissir um að börnin viti ekki af ofbeldinu. Samkvæmt upplýsingum frá mæðrunum höfðu tæplega 70% barnanna verið beitt andlegu ofbeldi, tæp 30% líkamlegu ofbeldi og 11% kynferðislegu ofbeldi. Mæður 10% barnanna sögðu að þau hefðu verið beitt andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi.



Árið 2008 komu 77 börn með mæðrum sínum til dvalar í Kvennaathvarfinu, 49 strákar og 28 stúlkur. Yngsta barnið var einungis nokkurra vikna og það elsta var 16 ára. Þegar stúlkur sem náð hafa 18 ára aldri koma í athvarfið með mæðrum sínaum eru þær skráðar inn sem konur enda oft ekki síður fórnarlömb ofbeldisins en mæður þeirra.

Rúmlega 60% barnanna voru undir 7 ára að aldri en meðalaldurinn var 5 ár. Eldri börn dvelja frekar en þau yngri hjá ættingjum eða vinum á meðan mæðurnar dvelja í Kvennaathvarfinu, m.a. til að eiga betra með að sækja skóla og sinna félagsstarfi og vinahópnum.

TENGL BARNNA VIÐ OFBELDISMENN



Þeir sem beittu börnin ofbeldi voru í langflestum tilfellum feður þeirra, eða í 67% tilfella. Stjúpar voru 26% og aðrir ofbeldismenn, svo sem afar eða óskyldir aðilar, voru 7% ofbeldismanna.

Árið 2008 fór fram mikil umræða um kynbundið ofbeldi og stöðu kvenna sem fyrir því verða. Samtök um kvennaathvarf hafa tekið þátt í þessari umræðu í góðu samstarfi við önnur samtök og stofnanir sem að málaflokknum koma. Hér verður tæpt á því helsta úr baráttunni árið 2008.

FRÆÐSLA OG KYNNING

Fræðsla er mikilvægur hluti starfsemi Samtaka um kvennaathvarf og er það starfskonum athvarfsins ljúft og skylt að verða við beiðnum um fræðslu hvað varðar kynbundið ofbeldi og afleiðingar þess, athvarfið sjálft og konurnar sem þangað leita. Á síðasta ári var fjöldi grunn- og framhaldsskóla heimsóttur en einnig ýmis félagasamtök og stofnanir. Fjöldi manns heimsótti Kvennaathvarfið til að kynna sér starfsemina, einkum nemendur á framhalds- og háskólastigi og fagfólk sem og talsverður fjöldi erlendra gesta frá ýmsum stofnunum og félagasamtökum. Einnig komu ýmsir aðilar með fræðslu til starfskvenna athvarfsins. Samtök um kvennaathvarf stóðu fyrir og tóku þátt í fjölda funda, málþinga og ráðstefna auk þess sem samtökin kappkosta að eiga gott samstarf við fjölmörg og samherja í baráttunni, stofnanir og félagasamtök. Samtök um kvennaathvarf halda úti heimasíðu til upplýsingar m.a. fyrir konur sem beittar eru ofbeldi, fagfólk, fræðimenn og aðra sem áhuga hafa á baráttumálum samtakanna.

BARÁTTA GEGN MANSALI

Undanfarin ár hafa Samtök um kvennaathvarf ásamt fjölmörgum stofnunum og félagasamtökum tekið þátt í fjölpjóðlegu verkefni þar sem markmiðið er að koma upp samstarfsvettvangi milli Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna varðandi mansal á konum í kynlífsiðnaði og jafnframt til að skiptast á þekkingu og reynslu landa á milli og styrkja þekkingu meðal fagfólks og úrræði fyrir

þolendur mansals. Íslenski hópurinn fundaði tvisvar sinnum á árinu en jafnframt sat framkvæmdastýra samtakanna alþjóðafund í Tallin í maí og fund og ráðstefnu í Brussel í október. Jafnframt sat framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf í vinnuhópi á vegum félagsmálaráðuneytisins sem ætlað var að vinna drög að aðgerðaráætlun gegn mansali. Vinnuhópurinn fundaði reglulega á árinu og var aðgerðaráætlunin samþykkt á Alþingi í mars 2009. Samtök um kvennaathvarf voru að venju umsagnaraðilar um skýrslu bandaríska sendiráðsins um stöðu mannréttinda með sérstaka áherslu á þau mál er snerta mansal.

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Samtaka um kvennaathvarf var haldinn á Lækjarbrekku 10. apríl og var þá ársskýrsla samtakanna fyrir árið 2007 kynnt.

SAMSTARFSVERKEFNI

Samtökin stóðu, ásamt fjölda annarra félagasamtaka að menningar- og friðardagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur á alþjóða baráttudegi kvenna, 8. mars. Hin árlega ráðstefna norrænna kvennaathvarfa var að þessu sinni haldinn í Stokkhólmi í september. Á ráðstefnunni hittast konur sem vinna í kvennaathvörfum, fræðimenn á sviði kynbundins ofbeldis og stjórnálamenn frá Norðurlöndunum. Þann 25. nóvember var 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi hleypt af stökkunum í því skyni að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot en Kvennaathvarfið hefur verið með í því átaki frá upphafi.

KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

Samtök um kvennaathvarf eiga fulltrúa í verkefnisstjórn Karlar til ábyrgðar sem er meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum. Stjórnin fundar reglulega og vinnur nú að því að þróa verkefnið á þann hátt að það feli í sér aukna samvinnu

verkefnisins og Kvennaathvarfsins auk þess sem unnið er að því í samvinnu við Barnaverndarstofu að setja á stofn úrræði fyrir börn sem búið hafa við ofbeldi.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Samtök um kvennaathvarf eiga, sameiginlega með Stígamótum, fulltrúa í Jafnréttisráði skv. jafnréttislögum sem samþykkt voru á árinu.

MÁLEFNI KVENNA AF ERLENDUM UPPRUNA

Samtök um kvennaathvarf eiga, ásamt fleiri félagasamtökum og stofnunum, sæti í teymi um málefni fólks af erlendum uppruna og fundar það teymi mánaðarlega.

Fulltrúi samtakanna situr einnig í hópnum Allar heimsins konur sem er óformlegur samstarfshópur kvenna sem allar eiga það sameiginlegt að koma að málefnum erlendra kvenna á Íslandi. Allar heimsins konur standa að verkefninu Mentor er málið í samstarfi við RKÍ og stóðu í janúar fyrir ráðstefnu um ýmsar skuggahliðar hnattvæðingar. Einnig hafa samtökin fengið styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála til rannsóknar á stöðu erlendra kvenna sem leita í athvarfið og stendur vinna við hana nú yfir.

Samtök um kvennaathvarf - Rekstur

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI 2008

Tölur úr ársreikningi fyrir árið 2007 eru birtar til samanburðar.

	2008	2007
Rekstrartekjur	57.687.338	46.454.937
Rekstrargjöld	65.734.544	47.034.475
Tekjuafgangur (tap) án vaxta	(8.047.206)	(579.538)
Fjármunatekjur	1.608.157	2.953.609
Tekjuafgangur (tap) ársins	(6.439.049)	2.374.071
Eignir í árslok	67.388.470	73.645.246

Tekjur athvarfsins hækkuðu umtalsvert á milli ára, eða um rúmar 11 milljónir og stafaði það annars vegar af verulegri hækkun á framlagi ríkisins og hins vegar rausnarlegum gjöfum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Þrátt fyrir þessa tekjuhækkun varð rekstrartapið rúmar 8 milljónir og skýrist fyrst og fremst af því að ráðist var í nokkuð umfangsmiklar breytingar á húseign samtakanna og var framkvæmt fyrir rúmar 15 milljónir á árinu.

Þær breytingar sem ráðist var í fólust í því, að eldhúsið sem verið hafði á efri hæð hússins var flutt til og er nú á aðalhæðinni. Við þetta vannst tvennt, annars vegar var hægt að fjölga svefnherbergjum og hins vegar fæst betri nýting á aðalhæðinni. Einnig voru bæði stórt og gott baðherbergi og þvottahús útbúin í kjallara hússins. Síðast en ekki síst var hafin framkvæmd við smíði nýrra glugga með einangrunargleri í allt húsið.

GJAFIR OG ÁHEIT

Kvennaathvarfinu bárust mjög veglegar gjafir á árinu. Munar þar mest um gjöf frá hjónunum Elfari Aðalsteinssyni og Önnu Maríu Pitt, en þau gáfu athvarfinu 2 milljónir króna. Óvenju mörg fyrirtæki og stofnanir tóku ákvörðun um að styrkja góð málefni, í stað þess að senda viðskiptavinum sínum jólakveðjur og naut kvennaathvarfið í mjög mörgum tilfellum góðs af þeim ákvörðunum. Pokasjóður verslunarinnar og Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur veittu veglega styrki til athvarfsins.

Gjafir skiptast þannig:

Anna María og Elfar Aðalsteinsson	2.000.000.-
Pokasjóður	500.000.-
Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur	300.000.-
Árnason Faktor	200.000.-
Fjársýsla ríkisins	110.000.-
Kvenfélag Selfoss	100.000.-
Barnasmiðjan	60.000.-
Kjósahreppur	50.000.-
Haukur Þorgilsson	25.000.-
Aðrir aðilar	259.838.-

Samtals: 3.604.838.-

Rekstur

REKSTRARSTYRKIR

Rekstrarstyrkir frá opinberum aðilum til Kvænnaathvarsins árið 2008.

	2008	2007
Ríkissjóður	41.500.000.-	32.180.000.-
Reykjavíkurborg	9.000.000.-	8.580.750.-
Akranesbær	55.000.-	55.000.-
Akureyri	200.000.-	200.000.-
Árborg	200.000.-	150.000.-
Bolungarvík	0.-	50.000.-
Borgarbyggð	75.000.-	50.000.-
Dalvík	0.-	25.000.-
Félags- og skólábj. Snæfellinga	100.000.-	
Fjarðasbyggð	150.000.-	150.000.-
Fljótshálsa	50.000.-	0.-
Garðabær	300.000.-	200.000.-
Grímsneshreppur	0.-	50.000.-
Hafnarfjörður	0.-	0.-
Hveragerði	120.000.-	100.000.-
Hornafjörður	130.000.-	130.000.-
Ísafjörður	100.000.-	0.-
Kópavogur	800.000.-	750.000.-
Kristnisjóður	400.000.-	350.000.-
Mosfellsbær	100.000.-	100.000.-
Reykjanesbær	0.-	150.000.-
Seltjarnarnesbær	100.000.-	100.000.-
Skagafjörður	50.000.-	0.-
Samtals	53.430.000.-	43.370.750
Rekstrargjöld voru samtals:	65.734.544	47.034.475
Styrkir sem hlutfall rekstrargjalda	81%	93%